

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Dalabyggðar, Reykhóla-, Árnes-,
og Kaldrananeshrepps
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík 31. október 2017
UST201709-003/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Hvalárvirkjun

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Árneshrepps er barst 1. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Hvalárvirkjunar. Í ofangreindri deiliskipulagstillögu er frávik frá auglýstri skipulags- og matslýsingu þar sem að í deiliskipulagstillögunni eru eingöngu teknir fyrir eftirfarandi þættir sjá hér að neðan, en öðrum þáttum er fram komu í lýsingu er frestað: Þeir þættir sem deiliskipulag þetta tekur til eru:

Vegir um virkjunarsvæðið, efnistökusvæði við Hvalárósa, í Hvalá og við Hvalárvatn og lóð fyrir starfsmannabúðir og vinnusvæði.

Inngangur

Í upphafi inngangs kemur fram að VesturVerk ehf. áformar að byggja Hvalárvirkjun og virkja þar með rennsli Hvalár, Rjúkanda og Eyvindarfjarðarar til raforkuframleiðslu. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að afl virkjunarinnar verði um 55 MW og orkuframleiðsla verði um 320 GWh á ári.

Í inngangi kemur einnig fram að Hvalárvirkjun er einn þeirra virkjunarkosta sem metnir voru í 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Í þingsályktun nr. 13/141 um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða var Hvalárvirkjun skipað í orkunýtingarflokk. Í gildandi aðalskipulagi Árneshrepps staðfest 28. janúar 2014 er gert ráð fyrir Hvalárvirkjun, tengingu hennar við landsnetið og bættum samgöngum. Framkvæmdin hefur farið í mat á umhverfisáhrifum og 3. apríl 2017 gaf Skipulagsstofnun út álit sitt.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er í landi Ófeigsfjarðar í Árneshreppi og er tæpir 14 km². Skipulagssvæðið tekur til svæðis umhverfis starfsmannabúðir, vinnuvegi og efnistökusvæði.


Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir rannsóknarvegum frá Ófeigsfjarðarvegi sunnan Hvalár að Neðra-Hvalárvatni og þaðan að Neðra-Eyvindarfjarðarvatni annars vegar og Rjúkanda hins vegar, samtals um 25 km. Svæðið er óraskað og fellur að megninu til undir óbyggð víðerni en í aðalskipulagi er það innan virkjunarsvæðis og skilgreint sem óbyggt land. Þá er gert ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum í tengslum við gerð rannsóknarveganna um Ófeigsfjarðarheiðina. Tvö þeirra eru staðsett á láglandi við Hvalárósa (ES18) og á eyri í Hvalá (ES20) og eitt er staðsett vestan megin við Neðra-Hvalárvatn (ES19). Efnistökusvæði ES20 verður eingöngu nýtt ef ekki fæst nægilegt efni úr efnistökusvæði við Hvalárósa. Einnig er gert ráð fyrir lóð fyrir starfsmannabúðir og vinnusvæði ofan Hvalár neðan Strandarfjalla.

Varðandi frágang efnistökusvæða bendir Umhverfisstofnun á vefinn namur.is.


Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir það að þeir umhverfisþættir sem munu helst verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsgerðarinnar eru vatnafar, jarðmyndanir, gróður, útivist, ferðamennska, samgöngur, landnotkun, menningarminjar, óbyggð víðerni, ásýnd lands og menningarlandslag. Ofangreindar framkvæmdir hafa farið í mat á umhverfisáhrifum þegar mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar fór fram. Að mati Umhverfisstofnunar eru áhrif á óbyggð víðerni víðtækust og mestu áhrifin af ofangreindum framkvæmdum ásamt áhrifum allrar virkjunarinnar eru þau, að farið er inn á óbyggð víðerni og þeim raskað og að við þetta mun verða skerðing áóbyggðum víðernum á Íslandi.

Umhverfisstofnun tekur undir það að með því að fella framkvæmdir vel að landi og vanda allan frágang má lágmarka neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Stofnunin er einnig sammála því að skerðing óbyggðra víðerna er óafturkræf.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar B Bragason
Teymisstjóri